

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um fjölda verktaka hjá Strætó bs. R20010114

Á vef strætó bs. kemur fram að stór hluti af akstri á vegum Strætó sé í höndum verktaka eða um 40% af akstri gulra vagna á höfuðborgarsvæðinu, allur akstur á landsbyggðinni og allur akstur í ferðaþjónustu fatlaðra. Samkvæmt árskýrisskýrslu Strætó frá því 2018 virðist aksturinn þó skiptast frekar jafnt á milli Strætó og verktaka en þar stendur: „Á árinu 2018 skiptist heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu nokkuð jafnt á milli Strætó og verktaka, en á árinu 2017 var skipting 54% eigin akstur Strætó og 46% akstur verktaka.“ Hvernig er skiptingin núna, þ.e.a.s hversu mikið er í höndum verktaka og hvaða verktaka og hvernig er ákveðið hvaða vagnar verktakar sjá um? Er eitthvað þak á það hversu mikið prósent af akstri Strætó bs. verktakar mega sjá um? Hafa breytingar orðið á síðustu árum varðandi hvaða vagnar eru í höndum verktaka? Hver ákveður hvort og hvenær vagnar fara í verktöku og hvert er ferlið á bak við það? Hér gæti verið um framlengingu á akstursamningum sem hafa verið boðnir út um að ræða en hvernig er verklagið ef að vagnar fara í verktöku sem voru áður á vegum Strætó? Ákveður stjórn Strætó bs. slíkt? Er það unnið í samráði við starfsfólk Strætó bs.?